

Stjórnarfundur nr. 14, þann 30. nóvember 2010 kl. 19.15. Haldinn í K-húsinu.

Mættir: Sigurbór, Anthony, Herdís, Falur, Lúðvík, Hjördís, Friðrik, Svala, Ásta, Sigurbjörg, Helga, Guðmundur og Elsie.

Aðrir boðuðu forföll.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

2. Upplýsingar frá Anthony

Anthony fór yfir stöðuna í hópum og það sem verið hefur rætt við þjálfarana. Ekki hefur verið haldinn þjálfarafundur í þessum mánuði en Anthony hefur verið í sambandi við þjálfarana. Ákveðið að hafa æfingarbúðir í lok janúar.

3. Jólamót 8. desember

Miði um mótið er kominn til sundmanna. Sæhestar og Síli keppa í 25m greinum og byrja fyrst og síðan koma Selir og eldri á eftir og keppa. Upphitun hefst kl. 17:15. Verðlaun fyrir alla sem taka þátt og mandarína. Fá jólasvein til að koma og dreifa verðlaunum. Lúlli sér um að láta foreldraráðið útvega mandarínur og hafa samband við foreldra. Harpa sér um verðlaunin. Hjördís sér um þul og þjálfarar sjá um að útvega riðlastjóra.

4. Mótin 4. og 11. mars

800 og 1500m mót. Sigurbór sér um að útvega dómara. Guðmundur sér um tæknimálin á mótinu 4. des og Sigurbjörg 11. des. Gummi og Sigurbjörg taka 8. des saman. Foreldraráð beðið um að hafa mat eftir 11. des fyrir eldri sundmenn.

5. Uppgjör á milli deilda

Sundráð ÍRB ákveður þau gjöld sem greiða á til félagsins í samráði við Keflavík og UMFN. Hjördís benti á að orða þarf 2. grein betur í samstarfssamningi og skerpa á hvaða gjald er verið að innheimta og af hverjum.

Sunddeild Keflavíkur og Njarðvíkur greiða sundráði ÍRB kr. 5.500 á hvern sundmann sinn á mánuði. Í lok árs er gert uppgjör þar sem sá kostnaður sundráðs ÍRB að frádregnum tekjum er skipt á milli deilda að frádregnum þeim mánaðargjöldum sem deildirnar hafa greitt. Kostnaðinum er skipt eftir fjölda sundmanna deilda.

Vinnutalan, kr. 5.500, er endurskoðuð tvisvar á ári og bókun þessi endurskoðuð í febrúar/mars.

6. Þyngdar- og fitumælingar

Guðmundur hefur haft samband við Hörð formann SSÍ vegna þessa máls og Falur hafði samband við ÍSÍ. Sundsambandið er að fara yfir þessi mál og við eigum von á tilmælum frá Sundsambandinu vegna þessa máls.

7. Sundmaður ársins

Sunddeild Keflavíkur og Njarðvíkur velja sundmann ársins. Sundráð ÍRB velur síðan sundmann ársins. Farið verður eftir þeim reglum sem unnið hefur verið eftir undanfarin ár og FINA stigin skoðuð. Anthony hefur samband við Steindór og/eða Hörð til að fá upplýsingar.

8. Eldri hópur

Fer vel af stað og er jákvætt fyrir sundiðlífið. 12 sundmenn eru að synda með hópunum.

9. Speedo samningur

Samningur verður framlengdur til ársins 2011-2012.

Önnur mál

- a) Vinamótið rætt og bent á að þar vantaði foreldra til að vinna og hjálpa til. Verðum að fá fleiri foreldra til að vinna og hjálpa til á næstu mótum. Spurning um að hafa einn tengilið til að hafa samband við foreldra og biðja fólk um að vinna á mótum.
- b) Jólakortin verða pöntuð í ár með texta. Hittumst 14. desember kl. 19:00 til að ganga frá límmiðum og senda út. Þá þarf að kaupa konfekt og gjafir. Lilja verður beðin um að taka þetta að sér.
- c) Sundmönnum hefur fækkað í sundskólanum. Lagt til að hafa sundskóla eins og aðra æfingahópa þ.e. æfa fram að jólum og svo eftir jól. Um áramót tekur við nýtt skipulag og sundmenn munu æfa frá janúar til apríl/maí og greiða æfingargjöld mánaðarlega. Lagt til að sundskólinn fái ný nöfn Kuðungar, Gullfiskar og Sverðfiskar.
- d) Þurfum að auglýsa laus pláss í Síli/Sæhestum í Vatnaveröld sem er nýr hópur og einnig hefur myndast pláss í Njarðvíkurlaug þar sem Síli/Sæhestum hefur verið skipt upp. Auglýsingin þarf að beinast helst að 8 – 10 ára.
- e) Talningarspjöldin okkar eru ónýtt og við þurfum að endurnýja þau. Rætt um að fá að senda ný spjöld á sundmenn okkar í USA og biðja þá um að koma með heim 18. desember.

Næsti fundur 11. janúar kl. 19:15